

Endurskoðun kosningalaga

From: Björn Leví <bjornlevi@gmail.com>
Sent: 16. apríl 2015 14:35
To: Kosningalög
Subject: Tímalína alþingiskosninga

Það er ekki tekið fram að utankjörfundaratkvæði (til dæmis erlendis) eru ekki greidd á atkvæðaseðil heldur bara tóman blaðsnepil þar sem rita á listabókstaf. Á þennan blaðsnepil eiga kjósendur líka að handrita nöfn frambjóðenda ef þeir vilja strika yfir viðkomandi frambjóðanda. Þetta gerist mörgum vikum áður en framboðsfrestur rennur út og listar eru birtir. Það er því mjög erfitt fyrir kjósenda að gera sér grein fyrir því hverjir möguleikar hans eru í kosningunum.

Tillaga: Allir verða að nota eins kjörseðil í kosningum.

Það hefur þær afleiðingar að það verður að vera búið að skila lista, bókstaf og öðru sem þarf nægilega löngu áður en utankjörfundur hefst til þess að atkvæðaseðlar geti borist á þá staði heimsins sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram.

kv,
Björn Leví Gunnarsson